

Umsögn 82. fundar umhverfis- og framkvæmdanefndar frá 9. apríl sl.

1.Hábrún ehf - fiskeldi í Ísafjarðardjúpi - 2017050072

Lagt fram bréf Vigdísar Sigurðardóttur f.h. Matvælastofnunar, dagsett 29. mars sl., ásamt fylgigögnum, þar sem óskað er eftir umsögn Ísafjarðarbæjar vegna aukinnar framleiðslu Hábrúnar ehf. í Skutulsfirði. Umsagnarfrestur er til 26. apríl.

Bæjarráð tók erindið fyrir á 1056. fundi sínum 1. apríl sl., og vísaði því til umsagnar í umhverfis- og framkvæmdanefnd.

Umhverfis- og framkvæmdanefnd vísar til umsagnar Skipulagsstofnunar sem telur að umrædd framkvæmd muni ekki hafa umtalsverð umhverfisáhrif m.t.t. eðlis framkvæmdarinnar, staðsetningar hennar og eiginleika hugsanlegra áhrifa. Þar sem um er að ræða silungs- og þorkseldi fellur framkvæmdin ekki undir áhættumat Hafrannsóknarstofnunar varðandi laxeldi. Nefndin gerir ekki athugasemd við aukna framleiðslu.

Bæjarráð tók undir umsögn umhverfis- og framkvæmdanefndar á 1058. fundi sínum 15. apríl sl.

Umsögn 519. fundar skipulags- og mannvirkjanefndar frá 24. apríl sl.

3.Hábrún ehf - fiskeldi í Ísafjarðardjúpi - 2017050072

Eftirfarandi erindi var lagt fram til kynningar á fundi nefndar nr. 518 en þá var lagt fram bréf Vigdísar Sigurðardóttur f.h. Matvælastofnunar, dagsett 29. mars sl., ásamt fylgigögnum, þar sem óskað er eftir umsögn Ísafjarðarbæjar vegna aukinnar framleiðslu Hábrúnar ehf. í Skutulsfirði. Umsagnarfrestur er til 26. apríl.

Bæjarráð tók erindið fyrir á 1056. fundi sínum 1. apríl sl., og vísaði því til umsagnar í skipulags- og mannvirkjanefnd

Skipulags- og mannvirkjanefnd telur að í skýrslu dags. 22.01.2018 "Þorsk- og silungaeldi Hábrúnar í Skutulsfirði" í Ísafjarðardjúpi, sé nægjanlega gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi, mótvægisáðgerðum og vöktun. Hábrún áætla að auka framleiðslu úr 400 tonnum í 700 tonn í kvíum í Skutulsfirði. Miðað við þær forsendur flokkast framkvæmdin í B flokk 1. viðauka í lögum um umhverfismat nr.106/2000.

Með hliðsjón af viðauka 2 telur skipulags- og mannvirkjanefnd að aukningin þurfi ekki að fara í umhverfismat miðað við þær forsendur sem gefnar eru upp í skýrslu og m.t.t. til staðsetningar, umfangs og afturkræfi eldisins.